

Ár 2014, fimmtudaginn 20. mars kl. 8:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins.

Mætt voru: Unnur Þormóðsdóttir, Eyþór H. Ólafsson og Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir.

Ennfremur sátu fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri og Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Unnur Þormóðsdóttir formaður setti fund og stjórnaði. Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Unnur Þormóðsdóttir og Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir viku af fundi í stað Unnar tók Aldís Hafsteinsdóttir sæti á fundinum.

Eyþór H. Ólafsson varaformaður tók við stjórn fundarins.

Í upphafi fundar bar varaformaður fram dagskrárbreytingatillögu:

Niður fellur hluti liðar 2.2 Lóðarumsókn Dalsbrún 21-23 en Byggbræður ehf hafa fallið frá þeirri umsókn í staðinn bætist við lóðarumsókn frá Byggbræðrum um lóðina Dalsbrún 14-20.

Samþykkt samhljóða að taka umsókn Byggbræðra um lóðina Dalsbrún 14-20 á dagskrá fundarins.

Unnur Þormóðsdóttir og Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir tóku aftur sæti á fundinum. Unnur Þormóðsdóttir tók aftur við stjórn fundarins.

Eftirfarandi fært til bókar:

1. Bréf sem borist hafa frá:

1.1. Eignarhaldsfélagi Suðurlands frá 12. mars 2014.

Í bréfinu er boðað til aðalfundar Eignarhaldsfélags Suðurlands hf fimmtudaginn 27. mars n.k.

Fulltrúi Hveragerðisbæjar á fundinum verður Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri.

1.2. Eyðibýli á Íslandi frá 10. mars 2014.

Í bréfinu er kynnt að áætlað er að rannsaka eyðibýli í Árnassýslu sumarið 2014. Jafnframt er óskað eftir stuðningi Hveragerðisbæjar við verkefnið að upphæð kr. 100.000.-

Þar sem eyðibýli í Hveragerði eru engin þá telur bæjarráð sér ekki fært að verða við erindinu.

1.3. Pacta lögmönnum frá 14. febrúar 2014.

Í bréfinu sem ritað er fyrir hönd Diðriks Sæmundssonar á Friðarstöðum er gerð krafa á hendur Hveragerðisbæjar vegna

synjunar á beiðni Diðriks um að breyta gróðurhúsi að Friðarstöðum í hesthús og vegna verðrýrnunar á jörðinni sem hann telur stafa af gildistöku deiliskipulags á Friðarstöðum.

Bæjarráð samþykkir að fela lögmanni bæjarins að gæta hagsmuna sveitarfélagsins í þessu máli.

1.4. **Sundsambandi Íslands frá 17. mars 2014.**

Í bréfinu er kynnt boðsundskeppni milli grunnskóla sem fram fer um land allt. Jafnframt er óskað eftir stuðningi við keppnina kr. 25.000.-

Bæjarráð sér sér því miður ekki fært að verða við erindinu enda munu nemendur frá Grunnskólanum ekki taka þátt að þessu sinni.

1.5. **Suðurland FM frá 12. mars 2014.**

Í bréfinu er óskað eftir samstarfi við Hveragerðisbæ um dagskrárgerð frá sveitarfélaginu.

Bæjarráð samþykkir erindi útvarpsstöðvarinnar enda telur bæjarráð starfsemina mikilvæga fyrir svæðið. Til að byrja með verði gerður fjögurra mánaða reynslusamningur um verkefnið sem endurskoðaður verði að þeim tíma liðnum.

1.6. **Blátt áfram frá 13. mars 2014.**

Í bréfinu er óskað eftir styrk frá Hveragerðisbæ vegna afmælisráðstefnu sem félagið ætlar að halda.

Því miður sér bæjarráð sér ekki fært að verða við erindinu.

1.7. **Birgi Þórðarsyni frá 7. og 11. mars 2014.**

Í bréfunum ræðir bréfitari um snjómokstur í Hveragerði og skipulag við Frost og Funa.

Varðandi athugasemdir við snjómokstur þá þakkar bæjarráð ábendingarnar en þeim hefur þegar verið komið áfram til umhverfisfulltrúa og starfsmanna áhaldahúss.

Vegna athugasemda við skipulag við Gistiheimilið Frost og funa er rétt að það komi fram að þar var farið í einu og öllu að ákvæðum skipulagslaga um óverulega breytingu á aðalskipulagi. Skipulagsstofnun samþykkti breytinguna með bréfi dags. 1. ágúst 2013 og var staðfesting á breytingartillögum birt í B- deild Stjórnartíðinda 16. ágúst 2013.

Að öðru leyti eru bréfin lögð fram til kynningar.

2. **Tæknileg málefni:**

2.1. **Umsókn um Varmahlíð 17 frá 17. mars 2014.**

Torfi Smári Traustason og Sigfríður Sigurgeirsdóttir sækja um lóðina Varmahlíð 17.

Bæjarráð samþykkir að úthluta Torfa Smára Traustasyni og Sigfríði Sigurgeirsdóttur lóðinni Varmahlíð 17. Bæjarráð veur athygli á því að nýting lóðarinnar skal vera í samræmi við ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010.

Unnur Þormóðsdóttir og Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir viku af fundi í stað Unnar tók Aldís Hafsteinsdóttir sæti á fundinum.

Eyþór H. Ólafsson varaformaður tók við stjórn fundarins.

2.2. Lóðarumsóknir Dalsbrún 22-26 frá Byggbræðrum ehf.

Byggbræður ehf sækja um lóðina Dalsbrún 22-26

Bæjarráð samþykkir að úthluta Byggbræðrum ehf lóðinni Dalsbrún 22-26 samkvæmt þeim reglum sem gilda um úthlutun lóða í Hveragerði.

Rétt er að vekja athygli á að búið er að auglýsa breytingu á deiliskipulagi í Dalsbrún þannig að íbúðum í öllum raðhúsum við götuna muni fjölga um eina.

2.3. Lóðarumsóknir Dalsbrún 14-20 frá Jarlhettum og Byggbræðrum ehf.

Jarlhettur og Byggbræður ehf sækja um lóðina Dalsbrún 14-20.

Í reglum um úthlutun lóða í Hveragerði frá 9. október 2003 kemur fram að við úthlutun lóða fyrir par-, rað-, og fjölbýlishús eru allar umsóknir að jafnaði jafnréttháar. Ennfremur kemur fram í almennum kafla í sömu reglum að umsækjendur skuli að jafnaði leggja fram fylgiskjöl sem umsækjandi telji að geti komið honum að gagni við lóðarúthlutun.

Umsækjendur sendu báðir inn greinargerð með umsóknum. Þar sem Jarlhettur fengu úthlutað á síðasta fundi bæjarráðs tveimur af þremur stærstu lóðunum í Dalsbrún samþykkir bæjarráð að Byggbræðrum ehf verði úthlutað lóðinni Dalsbrún 14-20 samkvæmt þeim reglum sem gilda um úthlutun lóða í Hveragerði.

Rétt er að vekja athygli á að búið er að auglýsa breytingu á deiliskipulagi í Dalsbrún þannig að íbúðum í öllum raðhúsum muni fjölga um eina.

Bæjarráð veur athygli á að enn eru lausar til umsóknar 2 lóðir við Dalsbrún fyrir fjöggra íbúða raðhús gangi fyrirhuguð breyting á deiliskipulagi eftir.

Unnur Þormóðsdóttir og Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir tóku aftur sæti á fundinum. Unnur Þormóðsdóttir tók aftur við stjórn fundarins.

2.4. Opnun tilboða - Hveragerði gatnagerð 2014.

Tilboð voru opnuð í verkið „Hveragerði gatnagerð 2014“ sem fór fram fimmtudaginn 18. mars sl. Alls bárust 8 tilboð í verkið.

Bjóðendur	Tilboðsfjárhæð.
Arnon ehf	56.579.090.-
Jarðbrú ehf	82.134.900.-
Grafa og grjót ehf	68.205.200.-
Gröfutækni ehf	60.681.700.-
Hálsafell efh	70.062.720.-
Jarðval sf	70.718.100.-
Rein ehf	66.951.350.-
Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf	71.600.000.-
Kostnaðaráætlun	58.062.000.-

Bæjarráð samþykkir að taka tilboði lægstbjóðenda Arnon ehf sem er 97,4% af kostnaðaráætlun.

2.5. Leyndardómar Suðurlands frá 18. mars 2014.

Lagt fram minnisblað frá menningar- og frístundafulltrúa frá 18. mars þar sem rætt er um kynningarátak á Suðurlandi sem kallast „Leyndardómar Suðurlands“. Óskað er eftir að frítt verði í sund vegna þessa átaks helgina 29. til 30. mars.

Bæjarráð samþykkir að frítt verði í sundlaugina Laugaskarði helgina 29. til 30. mars.

3. Fjárhagsleg málefni:

3.1. Minnisblað frá bæjarstjóra - sorpmál.

Lagt fram minnisblað frá bæjarstjóra frá 18. mars 2014 vegna sorpmála þ.e fyrirkomulag innheimtu á gámastöð og fræðsla til bæjarbúa.

Bæjarráð samþykkir að tekið verði upp klippikort á gámasvæðinu sem veitir hverju heimili í Hveragerði gjaldfrjálsan aðgang að gámasvæði 12 sinnum á ári, með allt að 1 m³ í hvert sinn fyrir gjaldskyldan úrgang. Aðrir en þeir sem framvísa klippikorti þurfa að greiða fullt gjald fyrir að skila sorpi á gámasvæðið. Bæjarráð felur umhverfisfulltrúa að vinna að innleiðingu verkefnisins.

Jafnframt samþykkir bæjarráð að gerður verði nýr bæklingur til kynningar á mikilvægi flokkunar í bæjarfélaginu og þeim breytingum sem verða þegar nýr sorphirðu aðili tekur til starfa í bæjarfélaginu.

3.2. Minnisblað frá bæjarstjóra – undirbúningur fyrir Blóm í bæ 2014.

Lagt fram minnisblað frá bæjarstjóra frá 17. mars 2014 vegna undirbúnings fyrir Blóm í bæ árið 2014.

Bæjarráð samþykkir að ráða aðstoðarmann við umhverfisdeild tímabundið frá 1. apríl til 1. júlí.

4. Fundargerðir til kynningar:

4.1. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 28. febrúar 2014.

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:04

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, (sign.)

Eyþór H. Ólafsson, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)